

REGLUGERÐ

um gerð umbúða og íláta undir lyf.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Lyf, sem framleidd eru eða sett eru í neytendaumbúðir hér á landi, skulu sett í ílát og umbúðir, sem standast eftirfarandi kröfur:

1. Eru af þeim gæðum, að milliverkanir verði ekki milli þeirra og lyfsins, þ. e. að breytingar verði ekki af þeim sökum á styrkleika lyfsins, hreinleika og/eða öðrum gæðum þess sbr. ákvæði gildandi lyfjastaðla.
2. Hafa umbúnað til lokunar, sem stenst kröfur Ph.Eur., USP eða BP varðandi þéttleika og vörn gegn ljósi.
3. Hafa verið viðurkennd af ráðuneytinu til notkunar hér á landi.

Öryggisumbúðir.

2. gr.

Lyf í töflu- eða hylkjaformi, sem talið er að börnum geti stafað hættu af og framleidd eru og/eða sett í neytendaumbúðir hér á landi, skal setja í lyfjaglös með öryggisloki, eða ganga þannig frá þeim, að hverri einstakri töflu (hylki) sé pakkað sérstaklega (þynnupakkað).

Lyf sem innihalda eftirtalin virk efni, skal ávallt setja í slíkar umbúðir, ef þau eru framleidd eða þau sett í neytendaumbúðir hér á landi, enda standist umbúðirnar kröfur 1. gr.:

Asetýlsalisýlsýra.

Barbitúrsýrusambönd.

Digoxin.

Fentíazínsambönd.

Járnsambönd, sem innihalda meira en 24 mg af járn í hverri töflu eða hylki.

Kinidin og sölt þess.

Mepróbat.

Parasetamól.

Þrí- og fjórhringa geðdeyfðarlyf.

Viðurkenning umbúða og íláta.

3. gr.

Ráðuneytið viðurkennir umbúðir og ílát undir lyf samkvæmt 1. og 2. gr. reglugerðar þessarar, að fenginni umsögn Lyfjaeftirlits ríkisins og lyfjanefndar.

Niðurlagsákvæði.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 69. gr. lyfsöhlulaga nr. 30 29. apríl 1963 og öðlast gildi 1. janúar 1978.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Heimilt er að nota upp birgðir af umbúðum og ílátum, sem verið hafa á markaði hér fyrir gildistöku reglugerðar þessarar.

2. Ráðuneytinu er heimilt að viðurkenna án umsóknar ílát og umbúðir, sem almennt hafa verið á markaði fyrir gildistöku reglugerðar þessarar.
3. Eigi síðar en 8 mánuðum eftir gildistöku reglugerðar þessarar skulu öll ákvæði hennar vera komin til framkvæmda.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. nóvember 1977.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Nr. 396.

2. nóvember 1977.

REGLUGERÐ

um sérstakt línu- og netasvæði út af Faxaflóa.

1. gr.

Frá 10. nóvember 1977 til 15. maí 1978 eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem markast af línu, sem dregin er réttvísandi vestur frá Sandgerðisvíta í punkt 64°02'4 og 23°42'0 V og þaðan réttvísandi norður í punkt 64°20'0 N og 23°42'0 V og þaðan réttvísandi austur.

2. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt 17. gr. laga nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 5. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. nóvember 1977.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.

Nr. 397.

7. október 1977.

AUGLÝSING

um umferð í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 er hér með ákveðið, að umferð um **Selvogsgötu** njóti forgangs fyrir umferð um Öldutún og Ölduslóð, (biðskylda.)

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, 7. október 1977.

Einar Ingimundarson.